

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 28. júní 2024 í máli nr. 2/2024

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 3. janúar 2024 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi krafist of hárrar greiðslu fyrir þjónustu sína og krefst þess að honum verði gert að endurgreiða sóknaraðila 101.184 krónur. Sóknaraðili gerir auk þess kröfu um að varnaraðila verði gert að afhenda sóknaraðila sundurliðun á verði þjónustunnar. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfi, dags. 16. janúar 2024, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör bárust frá varnaraðila þann 25. febrúar 2024. Athugasemdir frá sóknaraðila bárust þann 7. mars 2024 og loks athugasemdir varnaraðila 14. mars sama ár.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda aðila, afrit af tilboði í ofnaskipti, afrit af reikningi, dags. 1. nóvember 2023, afrit af skriflegum samskiptum aðila, afrit af bréfi sóknaraðila, dags. 5. nóvember 2023, yfirlýsing frá formanni húsfélagsins og staðfesting á greiðslu reiknings.

Með bréfi, dags. 25. júní 2024, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Í kvörtun sóknaraðila kemur fram að hann hafi óskað eftir þjónustu varnaraðila við að skipta um ofna í íbúð sinni. Sóknaraðili kveðst hafa verið upplýstur um að verðið væri um 500.000 krónur en varnaraðili hafi ekki gefið sundurliðað verð þrátt fyrir ítrekaða beiðni sóknaraðila. Skriflegt tilboð hafi borist frá varnaraðila sama dag og verkið hófst. Á sama tíma hafi varnaraðili afhent eiginkonu sóknaraðila blaðsnepil með verði á ofnum og fittings. Sóknaraðili telur að hann hafi sjálfur getað fengið efni á ódýrara verði en varnaraðili hafi rukkað.

Í kvörtun sóknaraðila kemur jafnframt fram að starfsmenn varnaraðila hafi þann 6. október 2023 skipt um fimm ofna í íbúðinni og sama fjölda ofna í annarri íbúð í sama fjöleignarhúsi. Starfsmennirnir hafi verið við vinnu í um 6 klukkustundir í íbúð sóknaraðila og um 11 klukkustundir samtals í báðum íbúðum. Hins vegar rukki varnaraðili fyrir 20 klukkustunda vinnu, eða 10 klukkustunda vinnu fyrir tvo starfsmenn, á hverja íbúð. Sóknaraðili bendir á að varnaraðili krefji sóknaraðila og aðra eigendur íbúða í fjöleignarhúsinu um greiðslu fyrir 8 klukkustundir umfram þá vinnu sem unnin hafi verið. Sóknaraðili gerir því kröfu um að varnaraðila verði gert

að endurgreiða honum sem nemur 8 klukkustunda vinnu eða alls 101.184 krónur. Þá gerir sóknaraðili kröfu um að aðrir eigendur fái sömu endurgreiðslu, ef fallist verði á kröfu hans. Að lokum gerir sóknaraðili kröfu um að varnaraðila verði gert að afhenda sóknaraðila sundurliðaðan reikning fyrir efni sem notað hafi verið við ofnaskiptin.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðila hafi verið ljóst að kostnaður við uppsetningu væri 85.000 krónur á hvern ofn. Innifalið í því verði hafi verið mæling, innkaup á efni, akstur, uppsetning, tæknilegur frágangur, förgun og endurkoma til að yfirfara lofttæmingar. Þá bendir varnaraðili á að eiginkona sóknaraðila hafi óskað eftir að varnaraðili myndi vinna umrætt verk miðað við uppgefið verð og að sóknaraðili hafi á engum tímapunkti gert kröfu um að varnaraðili hætti við framkvæmd þjónustunnar þrátt fyrir að varnaraðili hafi boðist til að hefja ekki vinnu vegna mögulegs ágreinings. Þá bendir varnaraðili á að umsamið verð sé sanngjarnt miðað við umfang verksins.

IV

Niðurstaða

Sóknaraðili óskaði eftir þjónustu varnaraðila við skipti á ofnum í íbúð sinni. Ágreiningur málsins heyrir undir gildissvið laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.), enda er uppsetning á ofnum og þjónusta því tengd aðalefni samningsins.

Varnaraðili tók að sér verk við ofnaskipti í nokkrum íbúðum í sama fjöleignarhúsi og íbúð sóknaraðila. Samkvæmt yfirlýsingu formanns húsfélagsins tók varnaraðili fast verð fyrir efni og vinnu við allar íbúðir eða 85.000 krónur á hvern ofn. Varnaraðili gerði tilboð í umrætt verk, dags. 5. október 2023. Samkvæmt tilboðinu var heildarverð verksins 510.000 krónur og þar af var vinna 20 klukkustundir, samtals 252.960 krónur. Var umrædd þjónusta innt af hendi þann 6. október 2023. Reikningur varnaraðila, að fjárhæð 510.000, var greiddur 17. nóvember sama ár með fyrirvara. Sóknaraðili telur að greiðslukrafa varnaraðila sé ósanngjörn þar sem í tilboði er gert ráð fyrir vinnu í 20 klukkustundir en viðvera starfsmanna varnaraðila hafi ekki verið í samræmi við það. Sóknaraðili gerir kröfu um að varnaraðila verði gert að endurgreiða sóknaraðila 101.184 krónur, sem jafngildir verði fyrir vinnu tveggja starfsmanna í 4 klukkustundir samkvæmt tímagjaldi í tilboði.

Samkvæmt gögnum máls gerði sóknaraðili ekki athugasemdir við tilboð varnaraðila heldur óskaði eftir því að þjónustan yrði innt af hendi. Telur kærunefndin að sóknaraðili hafi með því samþykkt tilboð varnaraðila. Þegar tilboð eða pöntun er samþykkt er bindandi samningur kominn á. Meginregla samningaréttar er sú að gerða samninga beri að halda. Samkvæmt 1. mgr. 36. gr. sml. má víkja samningi til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Við það mat skal samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins líta til efnis samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til. Samningsfrelsi er einnig meginregla samningaréttarins, en í því felst að aðilum er heimilt að ákveða hvort, við hvern og að hvaða leyti gengið er til samninga. Líkt og að framan greinir er umrætt lagaákvæði undantekningarákvæði frá meginreglu samningaréttar um að gerða samninga beri að halda. Verða því að vera veigamiklar ástæður fyrir því að unnt sé að falla frá samningi af þeim sökum með þeim afleiðingum að samningurinn verði óskuldbindandi. Af gögnum málsins verður því ekki slegið föstu að það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera samning aðilanna fyrir sig. Að því virtu telur kærunefndin ekki skilyrði til að víkja samningi aðila til hliðar.

Kærunefndin telur ekki unnt að fallast á það með sóknaraðila að hann eigi rétt á endurgreiðslu.

Sóknaraðili gerir kröfu um að varnaraðila verði gert að afhenda sóknaraðila sundurliðaðan reikning þar sem verð vegna efniskostnaðar er sérstaklega sundurliðað. Í 34. gr. þkpl. er kveðið á um að ef ekki hefur verið samið um verð geti neytandi krafist þess að seljandi þjónustu geri honum sundurliðaðan reikning, þannig að hægt sé að sjá hvernig heildarverð þjónustunnar er reiknað út. Í athugasemdum með ákvæðinu í frumvarpi til þkpl. kemur fram að ákvæðið eigi við þegar gefið hefur verið upp hæsta verð eða verðáætlun. Eins og mál þetta er vaxið telur kærunefndin að ákvæði 34. gr. þkpl. eigi ekki við og verður varnaraðila því ekki gert að veita sóknaraðila sundurliðaðan reikning.

V
Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X, er hafnað.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson